

## ERINDISBRÉF

### Efni: Samningahópur um gjaldmiðilsmál

Í samræmi við ályktun Alþingis um aðildarumsókn að Evrópusambandinu (ESB) sem samþykkt var á Alþingi 16. júlí 2009 hefur utanríkisráðherra ákveðið að skipa samningahóp um gjaldmiðilsmál.

Hlutverk samningahópsins er að annast undirbúning aðildarviðræðna við ESB að því er varðar kafla 17 (Efnahags- og peningamálastefna). Í því felst einkum innri greining regluverks ESB af Íslands hálfu svo og sameiginleg greining með ESB, undirbúningur tillagna um samningsafstöðu Íslands, viðræður við ESB um samningsafstöðuna og nánari mótun hennar eftir því sem viðræðunum vindur fram og tilefni er til. Hópurinn skal vera samninganefnd og aðalsamningamanni til ráðgjafar meðan á aðildarviðræðum stendur.

Í álitni meirihluta utanríkismálanefndar (137. löggjafarþing, þingskjal 249) er fjallað um samninga um gjaldmiðilsmál og skal samningahópurinn leggja til grundvallar þau sjónarmið sem þar koma fram. Þar er tekið fram að samningahópurinn skuli skilgreina nánar samningsmarkmiðin en í nefndarálitinu er lögð áhersla á:

- Að fyrir liggi að ESB standi fast á því að ný aðildarríki taki fullan þátt í Efnahags- og myntbandalaginu og taki á endanum upp evruna sem sinn gjaldmiðil og því kalli kafla 17 almennt ekki á umfangsmikla samninga í aðildarviðræðum;
- að aðildarviðræður feli augljóslega í sér að íslenska ríkið þurfi að uppfylla Maastricht skilyrðin en að það sé mat margra að mikilvægt væri fyrir Ísland að uppfylla þau skilyrði óháð aðildarviðræðum;
- að viðræður um gjaldmiðilsmál verði forgangsverkefni í samningaviðræðunum og að leitað verði eftir samkomulagi við ESB og Seðlabanka Evrópu um stuðning við krónuna sem fyrst þannig að Ísland geti við fyrsta mögulega tækifæri hafið þátttöku í samstarfi ESB á sviði efnahags- og peningamála (ERM II) og
- að tryggt verði í samræmi við fyrri fordæmi að mikil skuldsetning ríkissjóðs komi ekki í veg fyrir að Ísland geti tekið upp evruna þegar þar að kemur enda liggi þá fyrir raunhæf áætlun um lækkun skulda.

Að öðru leyti er vísað til álitsins, en hópurinn skal í starfi sínu leggja þau sjónarmið sem þar koma fram til grundvallar og gæta hagsmuna þjóðarinnar í hvívetna.

Samningahópurinn er skipaður embættismönnum, öðrum starfsmönnum stjórnkerfisins og fulltrúum hagsmunaaðila sem taka almennan þátt í starfi hópsins en eiga þó ekki beina aðild að sjálfum samningaviðræðunum.

Formaður stýrir starfi hópsins og skiptir verkum eftir því sem þörf er talin á.

Már Guðmundsson hefur verið skipaður formaður samningahópsins, en auk hans munu m.a. fulltrúar frá eftirtöldum ráðuneytum og stofnunum eiga sæti í hópnum: Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, utanríkisráðuneyti og Seðlabanka Íslands. Þá er fyrirséð að í samningahópnum verði m.a. fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Viðskiptaráði auk sérfræðinga á sviði peningamála frá háskólasamfélaginu.

Samningahópurinn mun leita til háskólasamfélagsins og innlendra og erlendra sérfræðinga, eftir því sem þurfa þykir, að fengnu samþykki aðalsamningamanns.